Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til menntaráðs

Kópavogi, 28. október 2026
26104099/502.10 ÁH

Efni: Svar við erindi skólaráðs Snælandsskóla dags. 5.október 2026

Umhverfissvið Kópavogsbæjar er meðvitað um viðhaldsþörf húsnæðis Snælandsskóla enda er skólinn fjórði elsti skóli bæjarins. Í minnisblaði, dags. 30.apríl 2026, sem tekið var fyrir í menntaráði er farið yfir viðhald og endurbætur í Snælandsskóla árin 2023-2025. Þar kemur m.a fram að á árinu 2025 var 120 milljónum varið í viðhald skólans.

Umhverfissvið hefur undanfarin ár staðið í umfangsmiklu átaki í viðhaldi í öllum stofnunum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að nýta fjármagn til viðhalds skynsamlega og forgangsraða m.t.t. ástands og starfsemi stofnana. Undanfarin ár hefur fjármagn til viðhalds í stofnunum bæjarins verið aukið umtalsvert þó enn sé þörf fyrir aukið fjármagn. Umhverfissvið hefur lagt mikla áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir tengdar raka-og mygluvandamálum og hefur það borið mikinn árangur. Tilvikum raka-og mygluvandamála, sem bregðast þarf strax við, hefur fækkað en þegar slík mál komu upp hafði það óhjákvæmilega áhrif á viðhaldsáætlanir. Viðhald í Snælandsskóla er verkefni sem þarf að vinnast í áföngum sem hefur staðið yfir síðastliðin ár og verður áframhald á næsta ári. Skýrist þetta af fjárhagsáætlun hvers árs, mannafla og framkvæmdatíma, til að tryggja sem minnst rask á starfsemi skóla.


Vorið 2026 barst listi frá skólastjóra um aðlaganir innanhúss og var farið í þær framkvæmdir yfir sumartímann þar sem nýnemendur voru fleiri en áætlað var. Allar mögulegar aðlaganir voru kláraðar og ýmislegt annað lagfært sbr. yfirlitsmyndir hér fyrir neðan. Var þessi listi unninn í samráði við stjórnendur skólans og sett í efsta forgang fyrir nýtt skólaár. Á fundi með stjórnendum kom fram að fjármagni yrði forgangsraðað í þessar aðlaganir samkvæmt þeirra óskum.

Eins og áður segir var ýmislegt annað gert sem var ekki á áðurnefndum lista svo sem:

Hljóðloftaplötur lagaðar í þremur stofum sem voru farnar að losna.
Aðlögun hurða að nýjum lásabúnaði.
Nýjar hljóðvistarplötur í þrjár kennslustofur.
Dúkaviðgerðir kláraðar.
Ný kaffistofa kennarar - skóli leggur fram innréttingu og umhverfissvið smiði.
Nýtt geymslurými í kjallara stúkað af.
Skólastofa í kjallara stúkuð af.
Kröfur um dagsbirtu í rýmum sem voru stúkuð af.


Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Yfirlitsmyndir framkvæmda innanhúss árið 2026:





Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is



Eins og áður segir hefur viðhald Snælandsskóla verið í forgangi og verður svo áfram. Neðangreind tafla um skiptingu fjármagns árið 2026 á skóla bæjarins endurspeglar forgangsröðun, aldur og viðhaldsþörf skólanna.

Kópavogsskóli er elsti skóli bæjarins og hefur umfangsmiklu viðhaldi verið sinnt sem og endurnýjun þaks í Álfhólsskóla-Digranes sem er næstelsti skóli bæjarins.

31-Eignasjóður - rekstur	kr.(úr bókahaldi lok okt 2026	Stofnár
31-151-Kópavogsskóli	92.326.876	1949
31-153-Álfhólsskóli - Digranes	97.676.450	1964
31-154-Kársnesskóli - Vallargerði	44.282.110	1969
31-155-Snælandsskóli	84.668.290	1974
31-156-Álfhólsskóli - Hjalli	87.466.482	1983
31-157-Salaskóli	29.081.095	2001
31-158-Smáraskóli	31.675.605	1994
31-159-Lindaskóli	16.788.259	1997
31-160-Vatnsendaskóli	12.702.249	2005
31-161-Hörðuvallaskóli	51.114.328	2006
31-162-Kóraskóli	10.602.024	2023

Tafla 1. Skipting fjármagns til viðhalds við lokun bókhalds í október 2026

Í bréfi skólaráðs er óskað eftir langtímaáætlun til að bregðast við þrengslum og húsnæðisvanda Snælandsskóla.

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Fylgst er náið með þróun nemendafjölda grunnskóla Kópavogsbæjar og hefur ekki verið fjölgun íbúða í Snælandsskólahverfi en fjöldi nýnemenda 2026 umfram spár skýrist af börnum utan hverfis. Fjöldi nemenda hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár og gera skipulagsáætlanir ekki ráð fyrir fjölgun íbúða í hverfinu næstu árin. Þá bendir fjöldi nemenda í árgangi ekki til fjölgunar þótt fjöldi í 1.bekk sé meiri en árið áður. Meðalfjöldi nemenda í árgangi er 48 börn.

Skólaár	Nemendafjöldi
2017–18	445
2018–19	432
2019–20	451
2020-21	467
2021-22	460
2022–23	458
2023–24	456
2024–25	453
2025-26	482

Tafla 2. Þróun nemendafjölda undanfarin ár

Börn fædd	Bekkur	Snælandsskóli
2020	**1**	61
2019	**2**	37
2018	**3**	51
2017	**4**	48
2016	**5**	41
2015	**6**	43
2014	**7**	60
2013	**8**	51
2012	**9**	34
2011	**10**	56
Fjöldi nemenda		**482**

Tafla 3. Nemendafjöldi í árgangi

Eins og áður kemur fram þarf að forgangsraða verkefnum í fjárfestingaráætlun bæjarins. Ljóst er að nemendum mun fjölga í Kópavogsskóla vegna fjölgunar íbúða á svæðinu og því er forgangsmál að bregðast við þeirri fjölgun. Þá liggur fyrir að þörf er á leik-og grunnskóla í nýju hverfi að Vatnsendahvarfi sem er einnig framar í forgangsröðun í stofnframkvæmdum.

Á síðustu árum hefur verið til umræðu að hönnun Snælandsskóla sé óhentug nútíma kennsluháttum og möguleikar til úrbóta skoðaðir í kjölfarið. Þær úrbætur eru kostnaðarsamar og erfitt er að rökstyðja slíkar framkvæmdir á meðan þróun nemendafjölda er eins og raun ber vitni. Í sumar var húsnæðið aðlagað til að mæta fjölgun fyrir upphaf skólaárs 2026 eins og áður kemur fram.

Umhverfissvið hefur óskað eftir fjármagni í fjárhagsáætlun 2027 til áframhaldandi viðhalds utanhúss í Snælandsskóla. Til stendur að ástandsmeta glugga á næstu vikum þannig að hægt sé að bjóða út framkvæmdina fyrir sumarið 2027. Inni í þeirri framkvæmd verða lagfæringar á múr og málun utanhúss. Þá verður útskipting lampa í LED kláruð árið 2027 en verkefnið hefur staðið yfir undanfarin ár og er langt komið. Einnig stendur til teikna upp breytingar á skipulagi skrifstofa til að tryggja betri innivist. Þá hefur útskipting á ofnum staðið yfir og mun það verkefni halda áfram. Innkaupaferli nýrrar lyftu er lokið og fer tímasetning uppsetningar eftir afhendingartíma framleiðanda.

Að lokum, umhverfissviðs Kópavogsbæjar leggur ríka áherslu á gott samstarf við notendur stofnana bæjarins og hafnar því alfarið að sinnuleysi ríki í viðhaldsmálum eins og haldið er fram í erindi skólaráðs Snælandsskóla. Umhverfissvið óskar eftir góðri samvinnu við stjórnendur stofnana sem er vænlegast til árangurs.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir

Sviðsstjóri umhverfissviðs

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásthildur Helgadóttir

Tími: 29.10.2026 15:14
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign